

# KEILUSKURÐUR OG MEÐGANGA

## ICD 10 greiningar:

O34.4 Fyrri keiluskurður

N87.0 Mild cervical dysplasia

N87.1 Moderate cervical dysplasia

N87.2 Severe cervical dysplasia

Keiluskurður er gerður til að fjarlægja frumubreytingar sem greinst hafa í leghálsi.

Almennt eru keiluskurðir hér á landi staðlaðir (grunnir, LEEP aðferð) og ef keilan er  $\leq 15$  mm á dýpt er hætta á fyrirburafæðingu lítil og ekki þörf á sérstöku eftirliti.

Í öðrum tilvikum er aðeins aukin hætta á fyrirburafæðingum og fer það eftir stærð og dýpt keilunnar sem var fjarlægð. Í vefjameinafræðisvari er dýpt keilunnar oftast skráð.

## ÁHÆTTUÞÆTTIR

- Saga um endurtekna keiluskurði
- Saga um óvenjustóran keiluskurð
- Minna en þrjú mánuðir frá keiluskurði fram að upphafi meðgöngu

## MEÐFERÐ Á MEÐGÖNGU

Pegar áhættuþættir eru til staðar:

Leghálsmæling samhliða 20 vikna ómskoðun.

Ef kona fær boð um speglun og sýnatöku á meðgöngu er mælt með ráðgjöf hjá [Samhæfingarstöð krabbameinsskimana](#)